



Skipulags- og umhverfisnefnd – 24.09.2014

59. fundur.

24. september 2014 kl. 13:00 -14:30

Fundarstaður: Þeistareykir

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæþór Gunnsteinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Þeistareykir. Deiliskipulag*
2. *Lundarbrekka 1 Bárðardal. Stofnun lóðar.*
3. *Þeistareykir. Stofnun lóðar fyrir hesthús.*
4. *Fosshóll. Deiliskipulag.*

1. Þeistareykir. Deiliskipulag.

S20120101

Skipulags- og byggingarfulltrúi fer yfir og útskýrir deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar í tilefni af vettvangsferð skipulags- og umhverfisnefndar á Þeistareyki.

Gefur ekki tilefni til ályktunar.

2. Lundarbrekka I í Bárðardal. Stofnun lóðar.

S20140902

Erindi dags. 16. september 2014 frá Marínu Sigurgeirsdóttur f.h. Hjördísar Kristjánsdóttur Lundarbrekku I, þar sem hún sækir um að stofnuð verði sérstök lóð undir íbúðarhús, hlöðu og geymslu út úr landi Lundarbrekku 1 í Bárðardal.

Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur uppdráttur/loftmynd frá Búgarði dags í ágúst 2006 og útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið og feli skipulags og byggingarfulltrúa að annast skráningu lóðarinnar í fasteignagrunn Þjóðskrár.

3. Þeistareykir. Stofnun lóðar undir hesthús.

S20140903

Erindi dags 21. september 2014 frá Dagbjörtu Jónsdóttur, sveitarstjóra, f.h. Þingeyjarsveitar, þar sem óskað er eftir því að stofnuð verði sérstök lóð undir hesthús í landi Þeistareykja.

Fylgigögn með umsókn eru hnitsett lóðarblað dags. 12. september 2014 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf og útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið og feli skipulags og byggingarfulltrúa að annast skráningu lóðarinnar í fasteignagrunn Þjóðskrár.

4. Fosshóll. Deiliskipulag.

S20140901.

Lögð fram til kynningar deiliskipulagstillaga dags 3. júlí 2014 af ferðaþjónustusvæði í landi Fosshóls. Tillagan er unnin af Benedikt Björnssyni arkitekt fyrir ferðaþjónustuna á Fosshóli. Um er að ræða tjaldsvæði, viðbyggingu við núverandi gistiheimili, tvo gistiskála og hótélbyggingu auk þess sem skilgreindir eru byggingarreitir fyrir núverandi starfsmannabústað og á svæði milli núverandi gistiheimilis og Gistingar. Tillagan er lögð fram að ósk skipulags- og umhverfisnefndar í þeim tilgangi að gert verði eitt samfellt deiliskipulag fyrir svæðið umhverfis Goðafoss, báðum megin Skjálfandafljóts.

Fylgigögn: Deiliskipulagsuppdráttur og greinargerð eftir Benedikt Björnsson, arkitekt.

Skipulags- og umhverfisnefnd frestar afgreiðslu á tillögunni að sinni þar sem framtíðarlega Bárðardalsvegur eystri á þessu svæði liggur ekki fyrir en tillögur þar að lútandi eru væntanlegar frá Vegagerðinni á næstunni. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að

koma sjónarmiðum nefndarinnar, sem rædd voru á fundinum, á framfæri við skipulagshöfund og landeiganda og jafnframt verði tillagan samræmd heildarskipulagi svæðisins sem nú er í vinnslu.

Fundi slitið.